

Textar



HARMÓNÍU KÓRINN

Árbæjarkirkja – 9. des. 2025

Útg. 1 – Stafrófsröð

Ave María

Ave María!

Ave María, Ave María, Ave María!

Gef þeim himnesk jólin.

Ave María, Ave María, Ave María!

Frelsa þær frá illu.

Amen

Indriði Einarsson

Björkin og reynitréð

Þau standa tvö í teigi
í tignarlegum skóg.
Þar ríkja björkin og reynitréð
með reisu í vetrarsnjó.

Ó, úr hafi sígur sól,
sælt í haga leikur kið.
Létt skal strokin lútan bjarta,
ljúfa söngva unum við.

Og undir grænum greinum
er griðland þitt og skjól,
því María bar oss mætan Krist
og mannkyn heldur jól.

Hinrik Bjarnason

Cantate domino

Alleluia, alleluia, alleluia.

Cantate Domino canticum novum. Alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra:

servite Domino, Domino in lætitia.

Alleluia, allelu, alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra:

[A]

cantate et exsultate et psallite Reegem,
et psallite Regem, Regem regum

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

Alleluia, alleluia.

[B]

Alleluia, alleluia.

Cantate Domino canticum novum. Alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra

[C]

cantate et exsultate et psallite Reegem,
et psallite Regem, Regem regum

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

Deo Alleluia, alleluia.

Dansaðu vindur

1

Kuldinn, hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga,
krakkarnir kúra í skjóli
hjá kerti í glugga.

2, 4

Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.
Vindur, já dansaðu vindur,
vertu á sveimi' um kalda jólanótt.

3

Núna nístir í snjónum
um nóttina svörtu
nærast á takti og tónum
titrandi hjörtu.

5, 7, 8

Vindur, já, dansaðu vindur.
Að vetri fá börn að finna húsaskjól.
Vindur, já, dansaðu vindur!
Veturinn færir börnum heilög jól.

6

Úti fær vindur að valda,
voldugum tónum, já tónum.
Núna nötrar af kulda
nóttin í snjónum, í snjónum.

Kristján Hreinsson

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

Grýlukvæði

S:

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum.

Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

TAB:

Það á að gefa, gefa. Það á að gefa, gefa.

Það á að gefa, gefa börnum, börnum brauð
að bíta, bíta í á jólunum, jólunum

Kerta, kertaljós og klæðin, klæðin rauð
svo komist, komist þau úr bólunum, bólunum.

Væna, væna flís af feitum, feitum sauð
sem fjalla, fjalla gekk á hólunum, hólunum.

Nú er hún gamla, gamla Grýla, Grýla dauð,
gafst hún, gafst hún upp á rólunum, rólunum.

Ókunnur

Hátíð fer að höndum ein

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein,
bjart í geiminum víðum.
Ljómandi kerti' á lágri grein,
líður að helgum tíðum.

Sæl mun dilla silkirein
syninum undurfríðum,
leið ei verður þá lundin nein,
líður að helgum tíðum.

Stjarnan á sinn augastein
anda mun geislum blíðum
loga fyrir hinn litla svein,
líður að helgum tíðum.

Heimsins þagna harmakvein,
hörðum er linnir stríðum.
Læknast og þá hin leyndu mein,
líður að helgum tíðum.

Jóhannes úr Kötlum

Jól, jól skínandi skær

Jól, jól, skínandi skær,
skreyta nú fjöll og voga.
Himinsins glitrandi gimsteinum frá
gleðifregn englarnir mönnunum tjá:
„Frelsarans komu oss fagna ber,
fæddur er hann, sem vor drottinn er“
Jól, jól, skínandi skær,
skreyta nú fjöll og voga

Kom, kom, hátíðin hæst,
heilagur friður ríkir.
Hátt yfir veraldar storma og stríð
styrki oss drottinn þín miskunnin blíð.
Gef þú að gjörvallt um jarðarból
gleðileg ríki þín friðarjól.
Kom, kom, hátíðin hæst
heilagur friður ríkir.

Reynir Guðsteinsson

Jólasnjór

Jólasnjórinn svífur niður, yfir stræti og torg,
svífur ofan úr skýjunum niður.
Nú er allt sem leyst úr læðingi', engin leiði né sorg.
Nú er lífsgleðin ríkjandi' í borg.

Jólasnjór, jólasnjór,
skínandi umvefur allt,
sindrandi, tindrandi,
glitrandi himnanna skart.

Ljósín ljóma, bjöllur hljóma, óma hlátrar og sköll,
allir brosa og heilsast með gleði.
Ys og læti, líf og kæti, ljómar veröldin öll,
jólagleði í hreysi og höll.

Jóhanna G. Erlingsson

Jólin allsstaðar

Jólin, jólin allsstaðar
með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stara jólaljósin á.
Jólaklukkan boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér
og brátt á himni hækkar sól.
Við höldum heilög jól.

Jóhanna G. Erlingsson

Jól

Þó að úti hríðin herji
hamslaust alla skeki' og berji
innst í minni sál er sól.
Æsku vakna myndir mínar
mér í geði ætíð hlýnar
þá heilög skulu halda jól.

Allir vilja góðverk gera
glaðir skulum bræður vera
tengja fastar tryggðabönd.
Ljós frá okkur látum skína
ljósið það skal aldrei dvína.
Vinir takist hönd í hönd.

Grímur Lárusson

Ó, helga nótt - (kórviðlag)

Föllum á kné, nú fagna himins englar,
frá barnsins jötu blessun streymir,
blítt og hljótt til þín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Föllum á kné, nú fagna himins englar,
hjá lágum stalli lífsins kyndill,
ljómafagur skín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Sigurður Björnsson

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að, sjást um allan bæinn.
Ljóf í geði leika sér lítil börn í desember,
inni' í friði' og ró, úti' í frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi' á lofti, inni' í skáp eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn kemst hann ekki' í bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt, stafa geislum björtum.
Norðurljósin loga skær, leika' á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér hýr og glöð í desember,
þó að feyki snjó þá í friði' og ró
við höldum heilög jólin,
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Skreytum hús með greinum grænum

Skreytum hús með greinum grænum

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Gleðin ríkja skal í bænum

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Tendrum senn á trénu bjarta

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Tendrum jól í hverju hjarta.

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Ungir, gamlir, allir syngja

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

engar sorgir hugann þyngja

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Jólabjöllur blíðar kalla

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

boða frið um veröld alla.

Fa, la, la, la, la, la, la, la.

Elsa E. Guðjónsson

Það aldin út er sprungið.

Það aldin út er sprungið
og ilmar sólu mót,
sem fyrr var fagurt sungið
af fríðri Jesse rót.
Og blómstrið það á þrótt
að veita vor og yndi
um vetrarmiðja nótt.

Þú ljúfa liljurósín,
sem lífgar helið kalt
og kveikir kærleiksljósín
og krýnir lífið allt.
Ó, Guð og maður, greið
oss veg frá öllu illu
svo yfirvinnum deyð.

Matthías Jochumsson